



## Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á Bakka Húsavík, Norðurþingi

Lýsing á skipulagsverkefni / **tillaga 02a**



Unnið fyrir Norðurþing  
af Mannviti - nóv.2012



MANNVIT

## EFNISYFIRLIT:

|       |  |    |
|-------|--|----|
| [ 1 ] | Viðfangsefni .....                                   | 3  |
| [ 2 ] | Aðalskipulag, grunnvöllur deiliskipulagsins .....    | 5  |
| [ 2 ] | Leiðarljós fyrir nýtingu iðnaðarsvæðis á Bakka ..... | 7  |
| [ 4 ] | Staðhættir / vernd .....                             | 9  |
| [ 3 ] | Leiðarljós við gerð deiliskipulagsins .....          | 10 |
| [ 4 ] | Dæmi um deiliskipulag á svæðinu .....                | 11 |
| [ 5 ] | Umhverfismat áætlunar .....                          | 12 |
| [ 6 ] | Skipulagsferli / kynning og samráð .....             | 13 |

## VIÐFANGSEFNI:

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar að útbúa deiliskipulag fyrir hluta iðnaðarsvæðis á Bakka norðan við Húsavík (sjá mynd 01).

Forsendur hafa breyst frá því að aðalskipulag Norðurþings var samþykkt í desember árið 2010. Áform um eitt stórt iðjuver á Bakka hafa verið slegin út af borðinu og er nú stefnt að uppbyggingu fleiri, en smærri aðila. Áformað er að svæðið byggist upp í nokkrum áföngum og er þetta deiliskipulag liður í fyrsta áfanga \*).

Tilfni deiliskipulags þessa er ósk fyrirtækisins PCC um að fá úthlutað lóð undir verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmi:

PCC SE hyggst reisa verksmiðju til framleiðslu á kísilmálmi við Bakka á Húsavík með framleiðslugetu sem nemur 33.000 tonnum á ári miðað við 52 MW aflþörf. Verksmiðjan verður hönnuð með framtíðarstækkun í huga, eða framleiðslugetu sem nemur allt að 66.000 tonnum á ári miðað við 104 MW aflþörf. Gert er ráð fyrir að fyrirtækinu verði úthlutað um 20 ha lóð innan skilgreinds iðnaðarsvæðis í sveitarfélaginu Norðurþingi og að orku sem þarf til framleiðslunnar verði aflað frá virkjunum á háhitasvæðinu í Þingeyjarsýslum. Áætlað er að verksmiðjan muni skapa um 150 framtíðarstörf, að ótöldum þeim störfum sem verða til vegna kaupna á þjónustu og orku.

Norðurþing fyrirhugar því núna að deiliskipuleggja um þriðjung af iðnaðarsvæðinu á Bakka.

Auk þess að móta deiliskipulag fyrir hluta svæðisins verður það hluti af verkefninu að móta stefnu um mögulega útfærslu á öllu svæðinu til að skapa samræmda heildarsýn fyrir allt svæðið. Sú yfirlitsmynd sem áformað er að líti dagsins ljós verður ekki hluti af skipulaginu sjálfu og verður því ekki bindandi fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu, en mun verða nýtt sem leiðarljós við frekari uppbyggingu sveitarfélagsins á iðnaðarsvæðinu á Bakka (sjá mynd 03).

Útfærsla deiliskipulagsins mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Verkefnis lýsing þessi verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnt almenningi. Mikilvægt er að umsagnaraðilar komi sjónarmiðum og ábendingum á framfæri á vinnslutíma skipulagstillögunnar.

Greinargerð þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 23. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætllana.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum skipulagsins, fyrirliggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá staðháttum, fyrirhuguðum áherslum í umhverfismati og áformuðum kynningar- og samráðsferlum.

\* \* \*

\* ) Við úrvinnslu deiliskipulagsins verður samhliða unnið að óverulegri breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Í gildandi aðalskipulagi er synt spennivirki á norðurhluti iðnaðarsvæðis I-1 (vestan / neðan þjóðvegur). Breytingin felst í því að fyrirhugað spennivirki færist um 1 km til suðurs og austur fyrir þjóðveg, á lóð í suðurhluta iðnaðarsvæðisins (austan / ofan þjóðvegur) og að staðsetning háspennulína næst spennivirkið færist samsvarandi.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu verður kynnt og auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi skv. 2. mgr. 41. gr skipulagslaga.



Mynd 01: lðnaðarsvæði á Bakka ( mkv. 1 : 15.000 )

lðnarsvæði aðalskipulags sýnt með rauðri útlínu  
(143 ha vestan þjóðveggar og 58 ha austan hans)

Svæði deiliskipulags sýnt með skyggnu (samtals 68 ha)

## AÐALSKIPULAG, GRUNDVÖLLUR DEILISKIPULAGSINS:

Í aðalskipulagi Norðurlands 2010–2030, Húsavík, sem var staðfest af umhverfisráðherra þann 22.12.2010 segir eftirfarandi um helstu iðnaðar- og athafnasvæði á þéttbýlissvæði Húsavíkur:

### Iðnaðarsvæði:

#### Iðnaðarsvæði I-1, Bakki norðan við Húsavík, 201 ha

Gert er ráð fyrir 188 ha [201 ha] svæði fyrir stóriðju og annan tengdan iðnað. 143 ha svæði er vestan Þjóðvegur og 58 ha austan hans. Á svæðinu er heimilt að reisa allt að 346.000 tonna álver og tilheyrandi mannvirki. Þar er einnig heimilt að reisa mannvirki og starfrækja atvinnufyrirtæki sem hafa hag af nálægð við álver eða við Þjóðveg og höfn. Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.

Iðnaðarsvæðið stækkar úr 105 í 201 ha frá Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Stækkunin til suðurs er gerð til að svæðið rúmi það álver sem er í undirbúningi en það er stærra en áður var gert ráð fyrir. Iðnaðarsvæðið er einnig látið ná til alls þynningarsvæðis álversins og er það sýnt á þéttbýlisupprætti, en endanleg þynningarsvæði verður ákveðið af Umhverfisstofnun við útgáfu starfsleyfis.

Svæði vestan Þjóðvegur stækkar úr 87 ha í 143 ha svæði vestan Þjóðvegur og austan Þjóðvegur stækkar svæðið úr 18 ha í 58 ha.

Svæðið er einnig afmarkað nær sjó en í Aðalskipulagi Húsavíkur 2005-2025. Við gerð deiliskipulags skal þess gætt að ekki sé byggt nær sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram honum (sbr. skipulagsreglugerð gr. 4.15.2) og tryggja skal aðgengi almennings að náttúruminjasvæði á Bakkahöfða, sbr. einnig gönguleið sem sýnd er á þéttbýlisupprætti, til nánari útfærslu í deiliskipulagi.

#### Iðnaðarsvæði I-5, Hrismóar (sunnan við Húsavík), 14 ha

Svæði fyrir iðnað og athafnastarfsemi, einkum þá sem nýtir heitt vatni eða gufu frá Orkuveitu Húsavíkur. Gert er ráð fyrir að svæðið geti stækkað um 250 m til norðurs, miðað við gildandi deiliskipulag. Gert er ráð fyrir breytingu á legu Þjóðvegur 85 vestan við iðnaðarsvæðið þannig að vegur færir um 0–100 m til vesturs. Áhersla verði lögð á aðlaðandi ásynd með góðum frágangi lóða og jaðra svæðisins, gróðursetningu og snyrtilegri umgengni.

### Athafnasvæði:

#### Athafnasvæði A1 & A2, Höfði I & II, samtals 12,4 ha

Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og léttum iðnaði á svæðinu, einkum starfsemi sem hefur hag af nálægð við hafnarsvæði. Vanda skal frágang og umgengni á svæðinu, sérstaklega í átt að íbúðarbyggð í Brekkum og útivistarsvæði við ströndina.

#### Athafnasvæði A3, Suðurfjara, 7,6 ha

Núverandi og áformuð landfylling sunnan Suðurhafnar. [ ... ] Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnastarfsemi og rýmisfremri þjónustustarfsemi sem hefur hag af nálægð við sjó og/eða að vera miðsvæðis í bænum. Nyrsti hluti svæðisins getur nýst sem vaxtarsvæði fyrir fiskvinnslu og útgerð, sjá einnig svæði H5. Jafnframt verði tryggður möguleiki á að miðstöð landflutninga með fisk geti flust að Suðurgarði, til að draga úr umferð um Hafnarstétt, sjá einnig svæði H2. [ ... ]

#### Athafnasvæði A5 & A6, Kringlumýri & Haukamýri, samtals 16 ha

Kringlumýri: Lóð og byggingar Norðlenska og óbyggt svæði þar sunnan við. [ ... ] Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar eru heimilár, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir matvælaíðnað. Leggja skal sérstaka áherslu á vandaða umgengni og frágang á svæðinu.

Haukamýri: Aðstaða Vegagerðarinnar. Mögulegt svæði fyrir ýmis konar athafnastarfsemi. Gert er ráð fyrir athafnastarfsemi sem hefur hag af góðu aðgengi að Þjóðvegi. Leggja skal sérstaka áherslu á vandaða umgengni og frágang á svæðinu, sérstaklega þar sem snýr að Þjóðvegi.

- 1) Eins og fram kemur er rúmlega 200 ha stórt iðnaðarsvæði á Bakka (og stækkun svæðisins um helming, miðað við fyrra aðalskipulag) að mörgu leyti barn síns tíma: Forsendur þess var áform um allt að 360.000 tonna álver sem nú hefur verið slegið út af borðinu. Svæðið er óbyggt eins og er.
- 2) Á Hrismóum (Lyngmóum/Viðimóum) sunnan bæjar er skv. aðalskipulagi 14 ha stórt iðnaðarsvæði. Svæðið er þegar í uppbyggingu, þar er orkustöð, sorpbrennslustöð og iðnaðarhúsnæði. Í deiliskipulagi í vinnslu er gert ráð fyrir 11 nýjar iðnaðarlóðir á svæðinu, 0,4 – 0,9 ha að stærð, og að auki 8 lóðir þegar / ef Þjóðvegur 85 færir til vesturs eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.
- 3) Í aðalskipulagi er skilgreint samtals 36 ha athafnasvæði innan þéttbýlissvæðis Húsavíkur og mun hluti af hreinlegum iðnaði rúmast á þeim svæðum.



## LEIÐARLJÓS FYRIR NÝTINGU IÐNAÐARSVÆÐIS Á BAKKA:

- 1) Eins og segir í aðalskipulagi er iðnaðarsvæðið á Bakka ætlað „fyrir stóriðju og annan tengdan iðnað.“ Annars konar iðnaður skal aðallega komast fyrir á hinum iðnaðar- og athafnasvæðunum bæjarins.
- 2) Iðnaðarsvæðið á Bakka er gríðarstórt, um 200 ha, og sem sagt barn síns tíma / barn álversáformanna. Stóriðjulóðir sem eru núna til umfjöllunar eru 10–20 ha að stærð og sennilega verður aldrei þörf fyrir allt svæðið undir stóriðju og öðrum tengdum iðnaði.
- 3) Byggja skal upp svæðið í áföngum og þannig að byggð verður sem mest / aðallega samhangandi. Byrja skal á suðurhluta svæðisins (næst hafnaraðstöðu).
- 4) Forðast skal að byggja austan þjóðvegjar eins lengi og kostur er á, til að halda fríu útsýni ofan vegar / þannig að aðkeyrsla að Húsavík að norðan verði „meðfram“ iðnaðarsvæði, en ekki „í gegnum“ það.
- 5) Skipuleggja skal sameiginlegan iðnaðarveg frá hafnarsvæðinu með þeim hætti að hann geti þjónað öllum helstu stóriðjulóðum á svæðinu.
- 6) Skilja skal eftir græn svæði (utan iðnaðarlóða) og skipuleggja skal göngustigakerfi á helstum útivistarsvæðum: Meðfram Bakkaá, niður í Bakkakrók, um Bakkahöfða og meðfram Kotsvík að Reyðará. Einnig komi göngustígur meðfram Bakkafjöru eins og ákveðið er í aðalskipulagi.
- 7) Helstu votlendissvæði, nyrst á svæðinu skal skilja eftir óbyggð – og tillit skal taka til helstu fornminja við skipulag á svæðinu.





## STAÐAHÆTTIR / VERND :

Staðhættir :

Iðnaðarsvæðið I-1 við Bakka er um 200 ha að stærð. Rúmlega helmingur þess (norðvestan til) er tiltölulega flatur, upb. 10 – 20 m.y.s., en suðaustantil hækkar landið upp í 90 m.y.s. Svæðið er óbyggt eins og er og nýttist að mestu sem bithagar fyrir hross og kindur.

Svæði deiliskipulagsins er 69 ha að stærð, staðsett syðst á iðnaðarsvæði I-1, aðallega neðan þjóðvegjar. Landinu hallar til norðvesturs og rennur Bakkaá þar til sjávars. Svæðið er að mestu neðan við 60 m hæðarlínu.

Náttúrufar og náttúruvernd

Iðnaðarsvæðið I-1 er að mestu fullgróið og einkennist af víðáttumiklu votlendi, aðallega nyrst á svæðinu. Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög).

Við gróðurúttekt á fyrirhugðu iðnaðarsvæði fundust ekki friðlýstar tegundir, tegundir á valista eða sjaldgæfar tegundir á lands- og héraðsvísu. Ein tegund, brönugrös (*Dactylorhiza maculata*), var skráð sem er sjaldséð í Þingeyjarsýslum (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt).

Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjasrá vegna sérkennilega rofinna sjávarkletta og bergganga fram undan höfðanum og lífríkis í fjörum og skerjum (Náttúruverndarráð, 1996).

Svæði deiliskipulagsins er að mestu þurrlegt / grónir melar og graslendi. Hæsti punktur er Gónhóll, upb. 70 m.y.s. Minni votlendissvæði er meðfram Bakkaá / í Bakkakrók en stærð svæðisins nær ekki 3 ha. Á skipulagssvæðinu er ekki varpsvæði sjaldgæfa fugla, en nokkuð er þó um kríu- og lóuvörp.

Fornleifar og minjavernd :

Iðnaðarsvæði I-1: Fornleifaskráning á Húsavík var upphaflega gerð árið 2002 (Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171 / Elín Ósk Hreiðarsdóttir) en seinna hefur verið gert ítarlegri fornleifarannsóknir á stóriðjusvæðinu á Bakka. Langflestar fornleifar eru meðfram / norðan við Bakkaá.

Á svæði deiliskipulagsins eru aðeins 4 þekktar fornleifar innan fyrirhugaðra lóða.

Í deiliskipulaginu verður gerð nánar grein fyrir skráðum fornleifum á skipulagssvæðinu, en einnig verður vísað til 13. gr. þjóðminjalaga (nr. 107/2001) þar sem segir: „Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Samfélag :

Iðnaðarsvæði I-1 er sem sagt óbyggt og nýtt sem bithagi. Svæðið er þó einnig nýtt í óformlegri útivist og afþreyingu: Ýmsar slóðir eru nýtar sem göngu- og reiðleiðar, m.a. niður í Bakkakrók og út í Kotsvík og einnig er gengið á grónu landi upp á Bakkahöfða – og að hluta til meðfram fjöru / á ströndinni.

Á svæði deiliskipulagsins eru göngu-/reiðleiðir sem munu að hluta til hverfa með uppbyggingu iðnaðarstarfseminnar. Þá skal búa til aðrar leiðir, m.a. gönguleið meðfram fjöru líkt og gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.

## LEIÐARLJÓS VIÐ GERÐ DEILISKIPULAGSINS:

1) Deiliskipulagið skal eingöngu ná yfir svæði þar sem áform og þörf fyrir bygginga o.fl. er vel skilgreind. Á þessari stundu:

- > Stór lóð fyrir kísilverksmiðju PCC syðst á svæðinu (um 22 ha)
- > + minni lóðir fyrir iðnað sem þjónar fyrst og fremst stóriðjunni / viðhalði o.fl. (hver um sig 0,5-1 ha)
- > + lóð fyrir slökkvistöð (sameiginleg fyrir stóriðju og bæinn) og þjónustu/sjoppu (hver um sig 0,5-1 ha)
- > + lóð fyrir spennivirki austan / ofan þjóðveggar (1-2 ha)
- > + uppistöðulón fyrir slökkvivatn / í Bakkaá austan þjóðveggar
- > + skólphreinsistöð, að hluta eða öllu leyti neðanjarðarbygging.
- >
- >

2) Við staðsetning lóða / byggingarreiti skal leitast við að varðveita helstu útivistarsvæði og „útsýnislínur“. Þar á meðal:

- > varðveita útsýni frá Gónhóli til vesturs (takmarka umfang byggingarreits syðst á PCC-lóð).
- > varðveita gönguleið og útivistarsvæði meðfram Bakkaá, niður í Bakkakrök og víðar.
- > staðsetja spennistöð austan vegar eins nálægt stóriðjulóð og hægt er.
- > fresta byggingu á svæðum þar sem helstu fornleifar eru enn órannsakaðar.
- >
- >
- >

3) Við ákvörðun um nýtingarhlutfalli, byggingarhæð, byggingarskilmála o.fl. skal taka tillit til eftirfarandi

- > Ákvörðun aðalskipulags sem segir: „ Í deiliskipulagi verði gerðar strangar kröfur um vandað útlit mannvirkja, frágang umhverfis og umgengni á svæðinu.“
- > Bráðabirgðaupplýsingar um byggingarmagn o.fl. miðað við kísilmálmverksmiðju (66.000 tonn): Í tillögu að matsáætlun (EFLA des. 2011) segir eftirfarandi um áætlað mannvirki: „Grunnflatarmál bygginga er um 60.000 m<sup>2</sup> og heildargólfplatarmál 160.000 m<sup>2</sup>. Heildarrúmmál bygginga er um 1 mill m<sup>3</sup>. Byggingar eru flestar á bilinu 5-12 m háar en hæstu hlutar bygginganna (siló o.fl.) eru á bilinu 20-35 m.“ Eftirfarandi ákvæði í deiliskipulagi mun í grófum dráttum samsvara bráðabirgðagögnum frá EFLU:
  - Nýtingarhlutfall lóðar: 0,75
  - Hámarkshæð bygginga: 50% af grunnflatamáli allt að 10 m hæð, 20% allt að 20 m, 30% allt að 35 m.
- >
- >
- >

4) Ýmislegt, stofnkerfi veitna o.fl:

- > Gert er ráð fyrir tvískiptu frárennsliskerfi . Eins þreps skólphreinsistöð fyrir almennt skólp (ekki iðnaðarskólp) mun koma við Bakkakrök, að hluta til niðurgrafið.
- > Gert er ráð fyrir að virkja neysluvatn úr uppsprettum Bakkaár. Stífla og uppistöðulón fyrir slökkvivatn til viðbótar munu koma í Bakkaá, um 150-200 m austan við þjóðveg.
- > Gert er ráð fyrir háspennulínunum að spennivirki um 150-200 m austan við þjóðveg, en jarðstreng þaðan og vestur að iðnaðarlóðum.
- > Gert er ráð fyrir að jarðvegsefni í fyllingu á lóðum o.fl. fái við uppgröftur á lóðunum sjálfum og þar að auki úr almennum efnistökusvæðum sveitarfélagsins.



Mynd 04: Dæmi um deiliskipulag (hér sýnt í mkv. 1 : 15.000)

Tekur yfir 68 ha eða upb. þriðjung úr heildarsvæðinu á Bakka (lðnaðarsvæði I-1)

## UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR :

Í deiliskipulaginu er stefna aðalskipulagsins um iðnaðarstarfsemi á Bakka útfærð nánar: Mótun er stefna um staðsetningu iðnaðarlóða o.fl, nýtingarhlutfall lóða, staðsetningu byggingarreita, hæð og útlit bygginga, vegir innan svæðis, gönguleiðir og útivistarsvæði, helstu lagnir og skólphreinsun, o.fl. ?

Við mat á áhrifum deiliskipulagsins verður litið til eftirfarandi viðmiða:

- Aðalskipulag Norðurlands
- Verndarákvæði í lögum og verndaráætlunum

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim umhverfispáttum sem fyrirhugað er að leggja mat á og tilgreint hvers vegna:

- Ásýnd, þar sem ný mannvirki breyta ásýnd.
- Fornleifar, þar sem þekktar fornleifar eru á iðnaðarlóðum o.fl.
- Verndarsvæði, þar sem votlendi og svæði á náttúruminjasrá eru á skipulagssvæðinu.
- Útivist, þar sem gönguleiðir mun skerðast af iðnaðarlóðum o.fl.
- Atvinnulíf, þar sem starfsemi á iðnaðarsvæðinu mun skapa störf.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvaða starfsemi verður starfrækt á Bakka. Mat á áhrifum þeirra framkvæmda sem starfrækar verða innan deiliskipulags eru á hendi framkvæmdaaðila og fara í viðeigandi farveg í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisskýrsla og greinargerð skv. 9. gr. laga nr 105/2006 um umhverfismat áætlana verði hluti af skipulagsgreinargerð.

## SKIPULAGSFERLI :

Kynning og samráð :

[ Sveitarstjórn samþykkir að unnin skuli deiliskipulagstillaga ]

[ Unnið er að lýsingu á skipulagsverkefninu ]

Skipulagslýsing (lýsing á skipulagsverkefninu) verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annara umsagnaáðila \*. Lýsingin verður kynnt almenningi á heimasíðu N.þings.  
> Á næstum dögum (vika ?) er hægt að koma með ábendingar við skipulagslýsinguna. ???

[ Unnið er að tillögu að deiliskipulagi ]

Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á opinberum fundi .  
> Á fundi og á næstum dögum (vika ?) er hægt að koma með ábendingar við skipulagstillöguna.

[ unnið er að tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar ]

Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verður auglýst í Lögbirtingablaði og í dagblaði á landsvísu.  
Skipulagsgögn skal birta á heimasíðu Norðurþings og lagt fram á bæjarskrifstofu.  
Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla send Skipulagsstofnun, umhverfisstofnun og öðrum umsagnaáðilum  
> Auglýsingartími / frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur.

[ fjallað um athugasemdir / bæjarstjórn tekur afstöðu / etv. breytingar / samþykkt ]

Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun (innan 8 vikna frá því að ath.sem dafrestur rann út).  
Skipulagsstofnun kemur etv. athugasemdum á framfæra (innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust).  
Bæjarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku í Stjórnartíðindi (innan 3 mánaða frá endanlegri afgreiðslu Bæjarstjórnar.)

\*) Samráðs / umsagnaáðila eru: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit N-E, Sveitarstjórn Tjörnesshrepps, Landsnet, Vegagerðin, Rarik, Orkuveita Húsavíkur.

Tímaáætlun til bráðabirgða ( algjör lágmark ) :

|                               |   |
|-------------------------------|---|
| 14.11.2012 (mið)<br>+ 1 vika  | Tillaga að skipulagslýsingu lögð fyrir skipulagsnefnd   |
| 20.11.2012 (þri)<br>+ 1 dagur | Tillaga að skipulagslýsingu lögð fyrir bæjarstjórn  |
| 21.11.2012 (mið)<br>< 7 vikur | Skipulags <u>lýsing</u> send Skipulagsstofnun og umsagnaáðilum + birt á heimasíðu                 |
| 07.01.2013 (mán)<br>> 5 vikur | Skipulag <u>stillaga</u> kynnt íbúum á opinberum fundi (auglýst í Skránni 03.01.)                 |
| 13.02.2013 (mið)<br>+ 1 vika  | Skipulagstillaga lögð fyrir skipulagsnefnd  |
| 19.02.2013 (þri)<br>+ 1 vika  | Skipulagstillaga lögð fyrir bæjarstjórn   |
| 27.02.2013 (mið)<br>+ 6 vikur | Skipulag <u>stillaga</u> <u>auglýst</u> , send umsagnaáðilum + birt á heimasíðu og á b.skrifstofu |
| 10.04.2013 (mið)<br>+ 1 vikur | Athugasemdafrestur liðinn. Skipulagsnefnd fjallar um athugasemdir 12.04. (fös)                    |
| 16.04.2013 (þri)<br>+ 1 dagur | Tillaga að <u>deiliskipulagi</u> lögð fyrir bæjarstjórn   |
| 17.04.2013 (fim)<br>+ 3 vikur | <u>Samþykkt</u> deiliskipulag sent Skipulagsstofnun   |
| 08.05.2013 (mið)<br>+ 2 vikur | Etv . athugasemdir frá Skipulagsstofnun   |
| 22.05.2013 (fim)              | <u>Gildistaka</u> deiliskipulags birt í Stjórnartíðindum  |

## Viðauki til upplýsingar :

Leiðbeiningarblað Skipulagsstofnunar: Blað 5c er varðar ferli / tímaáætlun við gerð deiliskipulags

|   | TÍMI       | ÚRVINNSLA  |
|---|------------|--|
| Leiðbeiningarblað 5c<br>Júní 2012           |            | Deiliskipulag skal gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.   |
| ÁKVÖRDUN UM GERÐ DEILISKIPULAGS             |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn samþykkir að unnin skuli deiliskipulagstillaga, að eigin frumkvæði eða vegna beiðni framkvæmdaraðila.</li></ul>  |
| LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNINU                |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Unnið að lýsingu<sup>1</sup> á skipulagsverkefninu á vegum sveitarstjórnar, þ.m.t. umfangi og áherslum í umhverfismati, þegar það á við.</li><li>Sveitarstjórn leitar umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila um lýsinguna og kynnir hana fyrir almenningi.</li></ul>   |
| KYNNING Á SKIPULAGSTILLÖGU                  |            | <p>Skipulagsnefnd kynnir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á fundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Heimilt er að falla frá slíki kynningu ef ekki er þörf á lýsingu.</p>   |
| AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU TIL AUGLÝSINGAR |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögu og umhverfisskýrslu<sup>2</sup>.</li></ul>   |
| AUGLÝSING SKIPULAGSTILLÖGU                  | 6<br>VIKUR | <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn auglýsir skipulagstillögu og umhverfisskýrslu<sup>2</sup> í Lögbingingablaði og dagblaði sem er gefið út á landsvisu.</li><li>Auglýsingartími er að lágmarki 6 vikur. Skipulagsgögn skulu liggja frammi hjá hlutaeigandi sveitarfélagi auk þess að vera aðgengileg á netinu.</li><li>Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum umsagnaraðilum skipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum.</li><li>Hver sá sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur gert athugasemdir og skal tilgreint í auglýsingu innan hvaða tímamarka og hvert skal senda athugasemdir.</li></ul>   |
| AFGREIÐSLA SKIPULAGSTILLÖGU                 |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsnefnd fjallar um framkomnar athugasemdir og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu.</li><li>Sveitarstjórn fjallar um málið og tekur afstöðu til afgreiðslu skipulagsnefndar og hvort gera þurfi breytingar á skipulagstillögu.</li><li>Eftir endanlega afgreiðslu þarf að liggja fyrir greinargerð með rökstuðningi með endanlegri afgreiðslu, þ.e. hvernig umhverfissjónarmið hafa verið tekið inn í deiliskipulagið, hvernig brugðist var við athugasemdum ásamt vöktunaráætlun<sup>2</sup>.</li><li>Sveitarstjórn sendir þeim sem gerðu athugasemdir umsögn sína um þær.</li><li>Hafi borist athugasemdir er niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.</li><li>Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana aftur til umræðu í sveitarstjórn nema þegar áætlun er háð lögum um umhverfismat áætlana.</li></ul> |
| AFGREIÐSLA SKIPULAGSSTOFNUNAR               | 8<br>VIKUR | <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn sendir samþykkt deiliskipulag til Skipulagsstofnunar innan 8 vikna frá því frestur til að skila athugasemdum rann út.</li></ul>  |
|   |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsstofnun metur hvort tilefni er til að yfirfara deiliskipulagið m.t.t. þess hvort gallar eru á efnis- og málsmeðferð.</li></ul>  |
|   | 3<br>VIKUR | <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri við sveitarfélagið innan 3 vikna frá því að skipulagsgögn bárust.</li></ul>   |
| GILDISTAKA DEILISKIPULAGS                   |            | <ul style="list-style-type: none"><li>Hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir skal sveitarstjórn fjalla um þær og gera nauðsynlegar breytingar. Fallist sveitarstjórn ekki á athugasemdir stofnunarinnar um efni deiliskipulags skal hún gera rökstudda grein fyrir ástæðum þess.</li><li>Hafi tillaga ekki verið samþykkt endanlega innan árs frá lokum athugasemdafrests, þarf nýja málsmeðferð.</li></ul>   |
|   | 3<br>MÁN.  | <ul style="list-style-type: none"><li>Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild</li><li>Stjórnartíðinda innan 3 mánaða frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar á tillögunni.</li></ul>   |

<sup>1</sup> Liggj meginmarkmið fyrir deiliskipulagsgerð í aðalskipulagi er heimilt að falla frá lýsingu.

<sup>2</sup> Á við ef deiliskipulagið er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.